



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur  
Dagur B. Eggertsson  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Kópavogur, 17. ágúst 2022.  
Málsnr. 2003010  
PBG/HH

**Efni: Samgöngusáttmálinn – sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf.**

Á 542. fundi stjórnar SSH, hinn 12. ágúst 2022, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

***Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010***

*Fyrirliggjandi er sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans. Davíð Þorláksson, framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf., ásamt Presti Guðmundssyni forstöðumanni verkefna og áætlana hjá Betri samgöngum ohf. og Þorsteini R. Hermannssyni forstöðumanni þróunar hjá Betri samgöngum ohf., kynnir skýrsluna. Umræður og fyrirspurnir.*

***Niðurstaða fundar:***

*Skýrslan lögð fram til kynningar og er skrifstofu SSH jafnframt falið að senda hana aðildarsveitarfélögum til kynningar. Jafnframt fari sérstök kynning á efni skýrslunnar fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska.*

Tilkynnist ofangreint hér með.

Virðingarfyllst,  
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

**Meðfylgjandi:**

Betri samgöngur: Staða og framgangur verkefna, júní 2022



BETRI  
SAMGÖNGUR

# Staða og framgangur verkefna

Júní 2022

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	4
2. Fjárfestingar .....	5
2.1 Stofnvegir .....	7
2.1.1 Suðurlandsvegur: Norðlingavað – Bæjarháls.....	7
2.1.2 Vesturlandsvegur: Langitangi – Hafravatnsvegur .....	7
2.1.3 Reykjanesbraut: Álftanesvegur – Lækjargata .....	7
2.1.4 Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar .....	7
2.1.5 Arnarnesvegur - Breiðholtsbraut .....	7
2.1.6 Sæbrautarstokkur .....	8
2.1.7 Miklubrautarstokkur .....	8
2.1.8 Garðabæjarstokkur .....	8
2.2 Borgarlínan.....	9
2.2.1 Lota 1: Ártún - Hlemmur og Hlemmur – Hamraborg.....	9
2.2.2 Lota 2: Hamraborg – Lindir .....	9
2.2.3 Lota 3: Mjódd – BSÍ .....	10
2.2.4 Lota 4: Fjörður – Miklabraut .....	10
2.2.5 Lota 5: Ártún– Spöng .....	10
2.2.6 Lota 6: Ártún - Háholt .....	10
2.3 Virkir ferðamátar.....	11
2.3.1 Undirgögn við Litluhlíð .....	11
2.3.2 Undirgögn við Bústaðaveg við Sprengisand.....	11
2.3.3 Bústaðavegur .....	11
2.3.4 Arnarneshæð .....	11
2.3.5 Elliðaárdalur .....	11
2.3.6 Fífuhvammsvegur.....	11
2.3.7 Strandgata.....	11
2.3.8 Varmá – Leirvogstunga .....	11
2.3.9 Ánanaust, JL hús - Mýrargata.....	11
2.3.10 Skógarhlíð.....	12
2.3.11 Elliðaárdalur - Dimma .....	12
2.3.12 Stofnstígar með Arnarnesvegi .....	12
2.3.13 Ásbraut.....	12
2.3.14 Kópavogsháls, Hamraborg – göngustígur við Kópavogsdal .....	12

2.4 Öryggi og flæði .....	13
3. Fjármögnun .....	14
3.1 Framlög hluthafa .....	14
3.2 Keldnalandið .....	14
3.3 Flýti- og umferðargjöld .....	14
3.4 Lántökur .....	15
4. Innri mál .....	16
4.1 Starfsfólk .....	16
4.2 Kynningarmál .....	16
4.3 Stýrihópur .....	16
4.4 Stjórnarfundir .....	16

## 1. Inngangur

Í h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans segir að Betri samgöngur skuli skila hluthöfum sínum á a.m.k. sex mánaða fresti skýrslu um framgang verkefna og fjármál. Í grein 2.1 í hluthafasamkomulaginu um Betri samgöngur er mælt fyrir um stýrihóp sem skipaður sé forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra (nú innviðaráðherra), fjármála- og efnahagsráðherra, borgarstjóranum í Reykjavíkur og formanni og varaformanni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Tilgangur hans sé að tryggja upplýsingaflæði um framgang fjárfestinga og stefnumarkandi mál. Stýrihópurinn komi einnig að stefnumótandi ákvörðunum er varða fyrirtækið og koma til meðferðar Alþingis og sveitarfélaganna. Í grein 4.3 í hluthafasamkomulaginu segir að stjórn skuli, að lágmarki á sex mánaða fresti, skila skýrslu til stýrihópsins um stöðu og framgang verkefna fyrirtækisins. Skýrsla þessi er gerð að þessu tilefni.

## 2. Fjárfestingar

Hinn 26. mars 2021 var undirritaður rammisamningur við Vegagerðina um framkvæmd verkefna Samgöngusáttmálans. Betri samgöngur fara með yfirumsjón og eigandaeftirlit með uppbyggingu samgöngumannvirkjana gagnvart Vegagerðinni og tryggja fjármögnun verkefna í samræmi við samþykktir Alþingis og sveitarfélaga. Vegagerðin annast undirbúning, hönnun og verklegar framkvæmdir sem ráðist verður í og hefur samráð við viðkomandi sveitarfélög. Til að tryggja skilvirkni og gott samstarf aðila við undirbúning og framkvæmdir verða stofnaðar verkefnastofur eða verkefnateymi um einstök verkefni.

Samtal stendur yfir milli ríkisins og sveitarfélaganna um mörkun framkvæmda, þ.e. hvað fyrirtækið greiðir fyrir sem hluta af viðfangsefnum Samgöngusáttmálans og hvaða viðbótar framkvæmdir, búnað eða afurðir sveitarfélögin óska eftir og greiða fyrir samhliða viðfangsefnum Samgöngusáttmálans.

Stöðuyfirlit fjárfestinga er sýnt í meðfylgjandi töflu. Innihald einstakra dálka er:

- D2. Framlög Samgöngusáttmálans til fjárfestinga og fjárfestingaflokka.
- D3. Flýtifé sem veitt var vegna COVID á árinu 2020.
- D4. Grunnframlag Samgöngusáttmálans (D2+D3).
- D5. Verðbættar upphæðir Samgöngusáttmálans miðað við 1. maí 2022 (m.v.vísitölu áætlana Vegagerðarinnar, grunnvísitala er 17.200).
- D6. Dagsetningar nýjustu áætlana fjárfestinga.
- D7. Uppfærð áætlun fjárfestinga – hlutur Samgöngusáttmálans í heild.
- D8. Verðbætt uppfærð áætlun frá birtingardegi.
- D9. Uppfærð heildaráætlun framkvæmda (Samgöngusáttmálinn og sveitarfélög).
- D10. Verðbætt uppfærð heildaráætlun frá birtingardegi.
- D11. Staða fjárfestingar í hönnun eða framkvæmd.
- D12. Bókaður kostnaður fjárfestingar miðað við uppgefna dagsetningu.
- D13. Bókaður kostnaður sem hlutfall af Samgöngusáttmálanum með verðbótum (D5).
- D14. Áætluð verklok yfirstandandi verkáfangna.
- D15. Kostnaður í verklok á verðlagi Samgöngusáttmálans.
- D16. Kostnaður í verklok á verðlagi Samgöngusáttmálans sem hlutfall af heild (D4).
- D17. Tilvísun í kafla þessarar skýrslu.

Stöðuyfirlit fjárfestinga Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins																
D1	D2	D3	D4	D5	D6	D7	D8	D9	D10	D11	D12	D13	D14	D15	D16	D17
Verkhelti	Sáttmáli - undirritaður	Flytífé 2020	Sáttmáli	Verðbættur sáttmáli	Dagssetning uppfærslu áætlunar	Uppfærð áætlun sáttmála	Verðbætt uppfærð áætlun sáttmála 1. maí 2022	Heildar áætlun framkvæmdar, þ.m.t. Kostnaður sveitarfélaganna	Verðbætt uppfærð heildar áætlun framkvæmda	Virkur verkefnisáfangi	Bókaður kostnaður 1. maí 2022	Bókaður kostnaður vs. verb. sáttmáli 1. maí 2022	Áætlun lok verkefnisafanga	Kostnaður í verklok á verðlagi 2019	Kostnaður í verklok vs Sáttmáli	Athugasemdir, tilvísun í greinar í stöðuskýrslu
m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	Mars '21	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	Síðasti áfangi í framkvæmd	m.kr.	%		%		
Vesturlandsvegur: Skarhólabraut – Langitangi - Háfravatnsvegur	510	350	860	1.045						Síðasti áfangi í framkvæmd	688	66%	2023	566	52%	Sjá gr. 2.1.2
Suðurlandsvegur: Bæjarháls – Vesturlandsvegur	440	650	1.090	1.324						Lokló	593	45%	4Q/2022	2.941	113%	Sjá gr. 2.1.1
Suðurlandsvegur: Norðlingavæð – Bæjarháls	1.200	1.200	2.600	1.458	Mars '21	1.700	1.894	2.500	2.785	Forhönnun	96	7%				
Reykjanesbraut: Kaldárselvegur – Krísvíkunvegur	2.600	2.600	13.100	3.158						Lokló	3.025	96%				
Reykjanesbraut: Alftanesvegur – Lækjagata	13.100	1.100	1.100	15.911						Frumdreg	57	0%	Óvíst			Sjá gr. 2.1.3
Reykjanesbraut: Gathnámot við Bustæðveg	1.100	1.100	1.100	1.336						Frumdreg	31	2%	3Q/2022			Sjá gr. 2.1.4
Garðabæjarstokkur	7.600	2.200	7.600	9.231	Sept. '21	15.550	17.282	4.900	4.900	Ekki hafð	2	0%				Sjá gr. 2.1.8
Sæbrautarstokkur	2.200	2.200	2.200	2.672		3.500	3.600	4.900		Forhönnun og MÁU	97	4%	Q1/2023			Sjá gr. 2.1.6
Arnaranesvegur – Breiðholtsbraut	1.600	1.600	1.600	1.943	Mai/'22					Verkhönnun	120	6%	Q3/2022			Sjá gr. 2.1.5
Miklubrautarstokkur	21.800	21.800	21.800	26.478						Frumdreg	9	0%	Q4/2022			Sjá gr. 2.1.7
Undirgöng í Kópavogi	100	100	100	64.556						Lokló	100	100%				Eingreiðsla til Kópavogs
<b>Stofvegir</b>	<b>52.250</b>	<b>1.000</b>	<b>53.250</b>	<b>64.556</b>		18.650	20.728	24.700	27.452		<b>4.818</b>	<b>6%</b>	Q4/2023			Sjá gr. 2.2.1
Borgarfirna, Lota 1 Ártún - Hlemmur - Hamraborg	17.100	3.600	17.100	20.770	Feb. '21					Forhönnun	1.226	0%	2022			Sjá gr. 2.2.2
Borgarfirna, Lota 2 Hamraborg - Undir	3.600	8.400	3.600	4.373						Skilgreining	2	0%	2022			Sjá gr. 2.2.3
Borgarfirna, Lota 3 Mjódd - BSÍ	8.400	9.400	8.400	10.203						Skilgreining	3	0%	2022			Sjá gr. 2.2.4
Borgarfirna, Lota 4 Flórur - Miðlabraut	9.400	5.300	9.400	11.417						Skilgreining	3	0%	2022			Sjá gr. 2.2.5
Borgarfirna, Lota 5 Ártún - Spöng	5.300	5.800	5.300	6.437						Ekki hafð	1	0%	2022			Sjá gr. 2.2.6
Borgarfirna, Lota 6 Ártún - Hhólt	5.800	49.600	49.600	7.045						Skilgreining að Keldnaholti	1.232	14%				
<b>Borgarfirna</b>	<b>49.600</b>	<b>6.000</b>	<b>6.000</b>	<b>60.244</b>						Á ekki við	1.042	13%	Á ekki við			
Hjóla- og göngusiglar	6.000	2.250	6.000	7.288						Á ekki við	356	11%	Á ekki við			
Göngubryr og undirgöng	2.250	8.250	8.250	10.020						Á ekki við	1.398	11%	Á ekki við			
<b>Virkir ferðamat</b>	<b>8.250</b>	<b>7.200</b>	<b>7.200</b>	<b>8.745</b>							<b>951</b>	<b>11%</b>				
Önyggi og flæði	7.200	7.200	7.200	8.745							951					
Önyggi og flæði	7.200	7.200	7.200	8.745							951					
<b>Samtals útgjöld</b>	<b>117.300</b>	<b>1.000</b>	<b>118.300</b>	<b>148.565</b>							<b>8.400</b>					

Grunnvísitala sáttmála 17.200  
Vísitala ársheimingskýrslu 20.891  
Vísitala upprærlu Borgarfirna lota 1 - júlí 2019 17.251  
Vísitala upprærlu Sæbrautarstokks - september 2021 18.797  
Vísitala upprærlu Suðurlandsvegur: Norðlingavæð – Bæjarháls - mars 2021 18.754

## 2.1 Stofnvegir

### 2.1.1 Suðurlandsvegur: Norðlingavað – Bæjarháls

*Umfang:* Breikkun í fjórar akreinar og aðskilnaður akstursstefna.

*Staða:* Útboð for- og verkhönnunar er í gangi og reiknað með að forhönnun ljúki á árinu og verkhönnun á öðrum ársfjórðungi 2023.

*Kostnaður:* Kostnaðarhlutur Samgöngusáttmálans er áætlaður 1.700 m.kr. og til viðbótar er áætlaður kostnaður Reykjavíkur 800 m.kr. aðallega vegna hljóðvarna og stígagerðar.

### 2.1.2 Vesturlandsvegur: Langitangi – Hafravatnsvegur

*Umfang:* Endurnýjun akbrauta og breikkun til að aðskilja akstursstefnur.

*Staða:* Framkvæmd er í gangi og reiknað með að henni ljúki á árinu.

### 2.1.3 Reykjanesbraut: Álftanesvegur – Lækjargata

*Umfang:* Frumhönnun lausna með tveimur akreinum í hvora átt, mislægum gatnamótum og stokki auk frumathugunar á jarðgöngum.

*Staða:* Vinna við frumdrög í gangi þar sem skoðaðar hafa verið mislægar lausnir á yfirborði fyrir gatnamót Fjarðahrauns og Reykjanesbrautar og tvær mislægar lausnir á yfirborði fyrir gatnamót Reykjanesbrautar og Lækjargötu. Auk þess hafa jarðgöng undir Setbergshamarinn frá Lækjargötu að Álftanesvegi verið skoðuð til samanburðar með mismunandi útfærslum á veltengingum við Álftanesveg.

*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun frumdraga fyrir mislægar lausnir er á bilinu 5.900-9.200 m.kr. og kostnaðaráætlun jarðganga er á bilinu 17.900-23.000 m.kr.

### 2.1.4 Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar

*Umfang:* Mislæg gatnamót.

*Staða:* Vinna við frumdrög og mat á umhverfisáhrifum í gangi. Samhliða útfærslu á mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar er leitað lausn við hentuga legu 3. lotu Borgarlínunnar frá Vogastöð í Mjódd og unnið að mati á umhverfisáhrifum.

*Kostnaður:* Skv. Samgöngusáttmálanum er áætlaður kostnaður 1.100 m.kr en þar sem endanleg útfærsla gatnamótanna mun taka mið af legu Borgarlínunnar um svæðið og tengingar hennar við Vogastöð og Mjódd liggur ekki fyrir hvaða verður fyrir valinu og þar með hver kostnaðurinn mun verða. Kostnaðartölur í Samgöngusamgöngusáttmálanum gerðu ekki ráð fyrir legu Borgarlínu um svæðið.

### 2.1.5 Arnarnesvegur - Breiðholtsbraut

*Umfang:* Framlenging Arnarnesvegar að Breiðholtsbraut, akstursbrú yfir Breiðholtsbraut.

*Staða:* Verkhönnun er nánast lokið, deiliskipulagsvinnu Reykjavíkur og Kópavogs þarf að klárast áður en sótt verður um framkvæmdaleyfi. Útboð framkvæmdar fyrirhugað á þriðja ársfjórðungi 2022.

*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun verkhönnunar (fyrir áhættugreiningu og lokarýni) er 4.500 m.kr. þar af er kostnaður við göngu- og hjólastíga og -brýr um 1.000 m.kr.



### **2.1.6 Sæbrautarstokkur**

*Umfang:* Stokkur.

*Staða:* Útboði á forhönnun og mati á umhverfisáhrifum er lokið og reiknað er með að vinna við þessa áfanga hefjist innan tíðar. Áframhaldandi vinna er unnin á grunni frumdraga og gert er ráð fyrir að á framkvæmdatíma verði ein akrein í hvora átt í stað tveggja í dag.

### **2.1.7 Miklubrautarstokkur**

*Umfang:* Stokkur frá Snorrabrauta og austur fyrir Kringlumýrarbraut.

*Staða:* Útboð fyrir frumdrög er í gangi og reiknað er með að vinnan við þau hefjist á þriðja ársfjórðungi og ljúki fyrir áramót. Til samanburðar við stökk var ákveðið að láta líka vinna frumdrög fyrir jarðgöng sem næðu frá Snorrabraut austur fyrir Grensásveg. Ekki hefur verið tekin afstaða til þessara kosta en fyrirséðar umferðartafir á framkvæmdatíma sem og tæknilega flókin viðfangsefni við byggingu stokksins kalla á skoðun á kostum jarðaganga og kostnaðarsamanburði þessara tveggja mögulegu lausna.

### **2.1.8 Garðabæjarstokkur**

*Umfang:* Hafnarfjarðarvegur settur í stökk.

*Staða:* Vinna við undirbúning ekki hafin.

## 2.2 Borgarlínan

### 2.2.1 Lota 1: Ártún - Hlemmur og Hlemmur – Hamraborg

**Staða:** Vinnu við frumdrög lýkur um mitt þetta ár og rýni sveitarfélaga, Strætó, veitufyrirtækja, Vegagerðarinnar og Betri samgangna á lokaafurðum frumdraga er í gangi. Forhönnun á fyrstu hlutum leiðarinnar hófst um miðjan maí. Lotunni hefur verið skiptist í átta leggi frá Ártúnshöfða að Hamraborg (Ártúnshöfði, Elliðaárvogur, Suðurlandsbraut, Miðbær, HÍ og BSÍ, Vatnsmýri, Fossvogsbrú og Kársnes). Í ljósi tímaramma verkefnisins hefst verkhönnun ákveðinna leggja áður en forhönnun allra leggja lýkur. Að sama skapi munu verklegar framkvæmdir ákveðinna leggja hefjast áður en verkhönnun allrar lotunnar lýkur.

Verkefnateymi Borgarlínunnar hefur sett fram uppfærða tímalínu fyrir lotu 1 sem tekur mið af öðrum framkvæmdum Samgöngusáttmálans, takmörkunum á mögulegum samtíma framkvæmdum vegna umferðarflæðis á höfuðborgarsvæðinu, nauðsynlegra framkvæmda veitufyrirtækja og framkvæmda annarra aðila sem liggja að áhrifasvæði lotu 1. Með hliðsjón af þessu verður forgangur settur á að klára framkvæmdir frá Hamraborg í miðborg Reykjavíkur og stefnt er að því að akstur á þessari leið geti hafist á fyrsta ársfjórðungi 2026.

Fyrstu framkvæmdir lotunnar hefjast á seinni helmingi 2022 þar sem byrjað verður á fyllingu undir nýja Fossvogsbrú. Gert er ráð fyrir útboði við byggingu nýrrar Fossvogsbrúar um mitt ár 2023 og að hún verði fullbyggð og tilbúin til notkunar í lok árs 2024.

<i>Forhönnun</i>	Hamraborg – HÍ	2022
	Miðborg - Ártúnshöfði	2022 – 2023
<i>Verkhönnun</i>	Hamraborg – HÍ	2022 – 2023
	Miðborg - Ártúnshöfði	2023 – 2025
<i>Framkvæmd</i>	Hamraborg – HÍ	2024 – 2025
	Miðborg - Ártúnshöfði	2025 – 2027
<i>Prófanir</i>	Hamraborg – HÍ	2026
	Miðborg - Ártúnshöfði	2027

**Kostnaður:** Í kostnaðaráætlun sem lögð var fram sem hluti frumdrögum lotu 1 var gert ráð fyrir að hluti þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru verði kostaðar af viðkomandi sveitarfélögum. Endanleg skipting liggur ekki fyrir og hlutfall Samgöngusáttmálans af heildar kostnaði kann því að breytast. Bókaður kostnaður lotu 1 inniheldur stjórnunarkostnað verkefnisins sem og kostnað við undirbúning þess meðan verkefnið var í umsjón SSH.

### 2.2.2 Lota 2: Hamraborg – Lindir

**Staða:** Vinna við skilgreiningu er í gangi þar sem mögulegt leiðarval er skoðað með tilliti til plássparfar, ferðatíma vagna, áhrifa á aðra samgöngumáta og kostnaðar. Tillaga verkefnastofu Borgarlínunnar liggur fyrir og beðið er ákvörðunar Kópavogsbæjar um leiðarval sem þarf að útfæra í skipulagi bæjarins. Stefnt er að því að hefja vinnu við frumdrög lotu 2 á þessu ári. Ekki hefur farið fram frekari greining á mögulegri tímasetningu framkvæmda með hliðsjón af nýrri tímalínu lotu 1 og því er hún óbreytt í bili.

*Undirbúningur:* 2021-2023.

*Framkvæmdir:* 2024-2025.

*Akstur hefst:* 2026.

### 2.2.3 Lota 3: Mjódd – BSÍ

*Staða:* Skilgreiningu á legu Borgarlínunnar á Reykjanesbraut í tengslum við undirbúning gatnamóta Reykjanesbrautar og Bústaðavegar er lokið samhliða vinnu við skoðun gatnamótanna. Frekari vinna við tengingar við Vogastöð og Mjódd bíður frumdraga sem stefnt er að því að hefja á árinu. Ekki hefur farið fram frekari greining á mögulegri tímasetningu framkvæmda með hliðsjón af nýrri tímalínu lotu 1 og því er hún óbreytt í bili. Þó er reiknað með að framkvæmdir í námunda við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar verði framkvæmdar samhliða þeim.

*Undirbúningur:* 2021-2023.

*Framkvæmdir:* 2024-2029.

*Akstur hefst:* Mitt ár 2029.

### 2.2.4 Lota 4: Fjörður – Miklabraut

*Staða:* Vinna við skilgreiningu er í gangi þar sem mögulegt leiðarval frá Kringlunni að Vífilstaðavegi er skoðað með tilliti til plássparfar, ferðatíma vagna, áhrifa á aðra samgöngumáta og kostnaðar. Ekki hefur farið fram frekari greining á mögulegri tímasetningu framkvæmda með hliðsjón af nýrri tímalínu lotu 1 og því er hún óbreytt í bili.

*Undirbúningur:* 2021-2026.

*Framkvæmdir:* 2026-2030.

*Akstur hefst:* 2030.

### 2.2.5 Lota 5: Ártún– Spöng

*Staða:* Stefnt er því að hefja skilgreiningu og frumdragavinnu 2023. Ekki hefur farið fram frekari greining á mögulegri tímasetningu framkvæmda með hliðsjón afa nýrri tímalínu lotu 1 og því er hún óbreytt í bili.

*Undirbúningur:* 2023-2029.

*Framkvæmdir:* 2029-2031.

*Akstur hefst:* 2032.

### 2.2.6 Lota 6: Ártún - Háholt

*Staða:* Vinna við skilgreiningu er í gangi þar sem mögulegt leiðarval frá Ártúnshöfða að Blikastaðavegi er skoðað með tilliti til plássparfar, mögulegrar legu um Keldur, ferðatíma vagna og kostnaðar. Í lok apríl var undirrituð viljayfirlýsing um samstarf vegna þróunar og uppbyggingar Keldnlands og Keldnaholts og flýtingu á uppbyggingu innviða Borgarlínu um Keldur og Keldnaholt. Flýting í samræmi við viljayfirlýsinguna á þó ekki að hafa nein áhrif á undirbúning of framkvæmdir við aðrar lotur Borgarlínu. Ekki hefur farið fram frekari greining á mögulegri tímasetningu framkvæmda og því er hún óbreytt í bili.

*Undirbúningur:* 2028-2031.

*Framkvæmdir:* 2031-2033.

*Akstur hefst:* Lok árs 2033.

## 2.3 Virkir ferðamátar

### 2.3.1 Undirgögn við Litluhlíð

*Framkvæmdin:* Undirgöng.  
*Staða:* Framkvæmdum að mestu lokið fyrir utan frágang.  
*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 205 m.kr.

### 2.3.2 Undirgögn við Bústaðaveg við Sprengisand

*Framkvæmdin:* Undirgöng.  
*Staða:* Framkvæmdir hafnar að nýju eftir frestun vegna veituframkvæmda.  
*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 200 m.kr.

### 2.3.3 Bústaðavegur

*Framkvæmdin:* Stofnstígar, bætt umferðarflæði, umferðarstýring, umferðaröryggi Breikkun stíga á brú yfir Kringlumýrarbraut. Breytt útfærsla á eystri gatnamótum, ný umferðarljós, lenging hægribeygjureinar á rampa, endurbætur á vegriði.  
*Staða:* Framkvæmdum lokið.

### 2.3.4 Arnarneshæð

*Framkvæmdin:* Undirgöng.  
*Staða:* Framkvæmd hefst í upphafi júní 2022 og eru áætluð verklok á fyrri hluta 2023.  
*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun samkvæmt verksamningi er um 500 m.kr.

### 2.3.5 Elliðaárdalur

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Nýr hjólastígar í Elliðaárdal frá stíflu að brú við Árbæjarlaug.  
*Staða:* Framkvæmdir standa yfir.  
*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun er um 150 m.kr.

### 2.3.6 Fífuhvammsvegur

*Framkvæmdin:* Stofnstígar.  
*Staða:* Framkvæmdum lokið fyrir utan minniháttar yfirborðsfrágang.  
*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun áfanga II hljóðar upp á 40 m.kr.

### 2.3.7 Strandgata

*Framkvæmdin:* Stofnstígar.  
*Staða:* Framkvæmdir hafnar.  
*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 200 m.kr.

### 2.3.8 Varmá – Leirvogstunga

*Framkvæmdin:* Stofnstígar.  
*Staða:* Framkvæmdum lokið fyrir utan minniháttar frágang sem á að ljúka fyrir miðjan júní.  
*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 165 m.kr.

### 2.3.9 Ánanaust, JL hús - Mýrargata

*Framkvæmdin:* Stofnstígar

*Staða:* Upphaf framkvæmda áætlað haustið 2022, bíður verkloka við lokafrágang grjótvagnar við sjó.  
*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 60 m.kr.

### **2.3.10 Skógarhlíð**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar.  
*Staða* Verkhönnun að hefjast.  
*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 110 m.kr.

### **2.3.11 Elliðaárdalur - Dimma**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar.  
*Staða* Hluti af verkundirbúningi við Arnarnesveg.  
*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 140 m.kr.

### **2.3.12 Stofnstígar með Arnarnesvegi**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar.  
*Staða* Hluti af verkundirbúningi við Arnarnesveg.  
*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 300 m.kr.

### **2.3.13 Ásbraut**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar.  
*Staða* Upphaf framkvæmda áætlað haustið 2022.  
*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 45 m.kr.

### **2.3.14 Kópavogsháls, Hamraborg – göngustígur við Kópavogsdal**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar.  
*Staða* Í verkhönnun.  
*Kostnaður:* Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 120 m.kr.

## 2.4 Öryggi og flæði

Samstarfshópur Vegagerðarinnar og SSH lagði í apríl 2021 fram aðgerðaáætlun í ljósastýringarmálum á höfuðborgarsvæðinu á grundvelli ítarlegrar úttektar erlendra sérfræðinga. Fyrirtækinu er ætlað að fjárfesta í tækjabúnaði og tækniþróun fyrir ljósastýringu.

Árið 2021 var gerð úttekt á öllum umferðarljósum höfuðborgarsvæðisins með tilliti til ástands og aldurs. Yfir tvö hundruð umferðarljós eru á svæðinu, flest í Reykjavík. Hluti ljósanna er á vegum sem eru í eigu Vegagerðarinnar. Auk úttektarinnar hefur samstarfshópurinn unnið að aðgerðaráætlun, stefnumörkun og setningu markmiða. Búið er að gera yfirlit yfir hvar helst er þörf á að endurnýja ljós eða tækniþúnað sem kominn er til ára sinna ásamt því að greina við hvaða ljós verða helst tafir á annatímum. Markmiðið er að tryggja umferðaröryggi, lágmarka mengun og auka greiðfærni. Stöðugt er unnið að endurnýjun tækjabúnaðar til að nýta nýjustu tækni og auka möguleika á sem bestri virkni á hverjum tíma. Einnig hefur verið unnið að því að setja skýr markmið í rekstri og þróun ljósastýringa á höfuðborgarsvæðinu.

Athygli hluthafa hefur verið vakin á því að í framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans er gert ráð fyrir fjármagni í sameiginlegan útgjaldalið *umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir*. Samgöngusáttmállinn inniheldur ekki viðbótarfjármagn frá ríkinu eða sveitarfélögunum til viðbótar við þá fjármuni sem áður hafði verið ráðgert að verja í þessa málaflokka. Á sama tíma og vilji er til að nýta aukinn hluta fjármagns þessa gjaldaliðar Samgöngusáttmálans í umferðarljósastýringar stendur áfram til að fara í nauðsynlegar smærri framkvæmdir á stofnvegum til að bæta flæði, öryggi og almenningssamgöngur. Fjármagn Samgöngusáttmálans til að endurnýja og bæta umferðarljósakerfi á höfuðborgarsvæðinu er því einungis hluti af því sem er sett fram undir liðnum *umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir*.

### 3. Fjármögnun

#### 3.1 Framlög hluthafa

Hinn 6. júlí 2021 var undirritaður samningur fyrirtækisins við hluthafana um fjármagnsskipan þess. Skv. honum greiða hluthafarnir framlög sín skv. Samgöngusáttmálanum til fyrirtækisins sem bókfæri þau sem skuldbindingar gagnvart þeim. Þær kröfur verða svo greiddar með því að skila fjárfestingum til hluthafanna eftir því sem þeim vindur fram.

#### 3.2 Keldnalandið

Samkvæmt 7. gr. laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu nr. 81/2020 (heimildarlögin) skal fyrirtækið með samningi við fjármála- og efnahagsráðherra taka við Keldnalandinu ásamt þeim réttindum og skyldum sem því tengjast og skal ábatanum varið til fjármögnunar á umsömdum framkvæmdum.

Fyrirtækið sendi Reykjavíkurborg erindi 29. janúar 2021 þar sem óskað var eftir samstarfi um þróun landsins. Erindinu var svarað jákvætt 9. febrúar þar sem kom fram að borgin myndi skipa starfshóp um skipulagningu svæðisins. Hópurinn var skipaður með erindisbréfi 25. maí. Vorið 2021 hóf fyrirtækið vinnu með hópnum og ráðgjafafyrirtækinu Alta að gerð grunngreininga fyrir skipulagsgerð og á þeim rannsóknum að ljúka um mitt ár 2022.

Þann 28. apríl 2022 undirrituðu Betri samgöngur og Reykjavíkurborg viljayfirlýsingu um samstarf vegna þróunar og uppbyggingar Keldnaland og Keldnaholts og flýtingu uppbyggingar innviða tveggja Borgarlínuleiða. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og fyrirtækið munu í sameiningu vinna að undirbúningi og standa að samkeppni um nýtt rammaskipulag fyrir svæðið. Miða skal við að dómnefnd ljúki störfum í desember 2022. Í rammahluta Aðalskipulags Reykjavíkur, sem unninn verður á grundvelli niðurstöðu samkeppninnar, verður svæðinu m.a. skipt upp í deiliskipulagsreiti. Stefnt verði að því að hægt verði að þróa deiliskipulag fyrir fyrstu uppbyggingarreitina á svæðinu haustið 2023.

#### 3.3 Flýti- og umferðargjöld

Vegakerfið á Íslandi hefur verið fjármagnað með bensín- og olíugjöldum. Hlutfall vistvænna ökutækja eykst hratt og segja spár að strax árið 2025 hafi tekjur af bensín- og olíugjöldum lækkað verulega. Endurskoðun stendur nú yfir á tekjustofnum ríkisins vegna ökutækja og eldsneytis vegna orkuskipta. Hluti þeirrar vinnu verður að breyta gjaldtöku með þeim hætti að í ríkari mæli verði treyst á gjöld af umferð í stað bensín- og olíugjalda. Í Samgöngusáttmálanum er gert ráð fyrir að fyrirtækið geti innheimt svonefnd flýti- og umferðargjöld sem yrðu liður í breytttri gjaldtöku ríkisins. Áætlað er að það skili fyrirtækinu 60 milljörðum á tímabilinu. Fyrirtækið hefur hafið skoðun á mögulegum útfærslum flýti- og umferðargjalda í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti og SSH. Efla hefur veitt ráðgjöf, en þau hafa komið að flýti- og umferðargjöldum í Noregi. Einnig hefur verið fundað með SWECO og International Transport Forum hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Nú er unnið er að frekari greiningum á mögulegum áhrifum flýti- og umferðargjalda á samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

### 3.4 Lántökur

Fyrirtækið hefur heimildir til lántöku til að tryggja viðunandi sjóðstreymi og jafna út misræmi á milli fjárfestinga annars vegar og tekna hins vegar eftir árum. Skv. 1. másl. 1. mgr. 8. gr. heimildarlaganna er fyrirtækinu heimilt að taka lán umfram það sem fjármagnað er með framlögum til fyrirtækisins, rúmist það innan heildarfjárfestingar og sé metið hagkvæmt fyrir framgang uppbyggingar samgönguinnviða og annarra verkefna þess. Skv. 2. másl. er lántaka háð því skilyrði að ríkissjóður veiti lán eða ríkisábyrgð verði lán tekið frá öðrum aðila. Fossar markaðir hf. hafa verið fyrirtækinu til ráðgjafar varðandi fjármögnun þess. Tillaga um fjármögnun fyrirtækisins var lögð fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti 14. júní 2021 og bárust svör við henni 10. mars 2022. Viðræður standa nú yfir við fjármála- og efnahagsráðuneyti og Seðlabanka Íslands fyrir hönd ríkissjóðs um lánasamning.



## **4. Innri mál**

### **4.1 Starfsfólk**

Frá 11. október 2021 út janúar 2022 var Þröstur Guðmundsson, forstöðumaður verkefna og áætlana, lánaður til Vegagerðarinnar sem forstöðumaður verkefnastofu Borgarlínunnar þar til nýr forstöðumaður tók við. Þorsteinn R. Hermannsson hefur verið ráðinn ótímabundið sem forstöðumaður þróunar.

### **4.2 Kynningarmál**

Á vef fyrirtækisins, <https://betrisamgongur.is/>, er hægt að nálgast greinargóða yfirsýn yfir verkefni Samgöngusáttmálans og aðra starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið er hluti af samskiptahóp Samgöngusáttmálans, ásamt Vegagerðinni, Athygli og Kolofon, þar sem sett er og unnið eftir áætlun um kynningu á verkefnum Samgöngusáttmálans, m.a. með myndböndum og fundum.

### **4.3 Stýrihópur**

Stýrihópur fundaði 6. maí þar sem fulltrúar fyrirtækisins kynntu stöðu og framgang verkefna.

### **4.4 Stjórnarfundir**

Í lok nóvember hafði stjórn haldið 44 stjórnarfundum. Þeir eru að jafnaði haldnir fyrsta og þriðja föstudag í hverjum mánuði.





BETRI  
SAMGÖNGUR

Grandagarður 16  
101 Reykjavík

[betrisamgongur.is](http://betrisamgongur.is)